

Ljúft að '24 vera til

ÞAR SEM ÞÚSUND HJÖRTU SLÁ Í TAKT!


EYJATÓNLEIKAR 27. JANÚAR Í ELDBORG



KRÓNAN

Halló Eyjar!

Við höfum
opnað fyrir
heimsendingar
í Snjallverslun



Söngurinn í þögninni

Í mínum huga hefur alltaf verið sama-semmerki á milli Vestmannaeyja og tónlistar. Lagvisst raul Eyjakonunnar mömmu í líflega eldhúsinu hennar ömmu á Kirkjubæ á sjötta áratug síðustu aldar. Mamma hafði sungið með Vestmannakórnum, undir stjórn Brynjólfs Sigfússonar. Kórinn hafði þá farið í söngferð til Reykjavíkur til að syngja í Útvarpssal og Gamla bíó á Lýðveldishátíðinni 1944. Hún rifjaði þetta stundum upp og þá varð maður einhvern veginn stoltur aftur á bak en líka fram á við. Svo fylgir minningin manni eins og þráður og til viðbótar er svarthvít, kyrrlát ljósmynd af kórnum sem dofna einhvern veginn aldrei. Já, Vestmannakórinn og Brynjólfur þroskuðu vitund mömmu og áhuga hennar á tónlist, fylgdu henni úr heimahögum og höfðu áhrif á þau sem koma skyldu.

Í eldhúsi ömmu, miðju heimsins – var alltaf kveikt á útvarpi og hækkað í fréttum en líka sunnudagsmessunni. Amma raulaði með sálmunum og hafði ekki efasemd um tilvist almættisins. Uppi á lofti var segulbandið hennar Marý frænku minnar sem töfraði fram tónlist af öðru tagi, tónlist sem átti æ greiðari aðgang að höfði manns og líkama, svo það var ómögulegt að sitja kyrr. Svo slóst gítar hennar með í för og æ síðan var kraftmikill söngur á Þjóðhátíð, fram undir morgun og bara alltaf þegar tilefni gafst til, ár eftir ár.



Edda Andrésdóttir

Svo var það fótboltafélagið sem við krakkarnir stofnuðum austur á Kirkjubæ, ÍBK. Íþróttabandalag Kirkjubæja. Eina leiðin fyrir okkur stelpurnar til að spila; stelpur voru ekki í liðum í þá daga. Margir sætir sigrar voru þá unnir í túninu heima og svo átti félagið sitt eigið lag eins og öll stjörnulið. Við sömdum texta á nóinu við lagið My Boy Lollipop; eitthvað á þessa leið; sparkaðu boltanum, Bára – verðu markið, Jói ...

Og bílskúrsböllin. Manneskja mín! Þar sem öll nýjustu lögin hljómuðu og ómuðu; Bítlarnir, Rolling Stones! Radio Luxembourg! Tíminn hafði þá þokast lengra inn í óljósa framtíð, við tókum orðið stærri og djarfari skref, sálin

þurfti orðið meira svigrúm og alltaf skyldu opnast nýjar dyr á eyjunni úti í hafi með sínum undirleik; mannlífs, fugla, hafs og vinds – þá sjaldan hann blés! Hann fylgdi manni þessi undirleikur og gerir enn – og þannig held ég að það verði alltaf, jafnvel þegar þögnin ein tekur við; þá verður söngurinn þar í þögninni, takturinn í þögninni.

Og djúkboxið á Búr. Við orðnar nógu forframaðar til að vera í reikning. Pulsa og kók í hádeginu, peningur í boxið og CCR með Who'll stop the Rain eða bara það sem við vildum heyra. Og við að vinna í Fiskiðjunni eða Hraðinu og einhver nýr taktur í lífinu. Þetta voru dagar barnslegrar bjartsýni, gleði og tónaflóðs og stuttrar framtíðarsýnar því allt var jú nákvæmlega eins og maður vildi hafa það!

Já, öll þess tónlistarflóra sem rann nú áfram inn í ný ár; Logar, Taktar, Eyjapeyjar, Gísli og Arnþór Helgasynir, kvöldstund með Helgu og Arnóri, Júníus Meyvant ... þannig væri hægt að halda áfram ef plássið væri ekki takmarkað! Sjálf er ég viss um að þörf mín fyrir tónlist alla daga er ættuð úr Eyjum, þar sem tónlistarlífið var og hefur verið gróskumikið. Þjóðhátíðin kyndir undir – nýtt lag á hverju ári! Og Eyjatónleikarnir í Hörpu þar sem hjörtu slá nú í takt, enn og aftur – þökk sé þeim sem í hlut eiga.



BYGGINGAVÖRUVERSLUN OG PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA Í **HJARTA** VESTMANNNAEYJABÆJAR

MIÐSTÖÐIN ER SÖLUAÐILI
FYRIR EFTIRFARANDI FYRIRTÆKI:



BYKO

málning
- það segir sig sjálft -



PÓR H




ALFABORG



**P. PORGRÍMSSON
& CO**



MIÐSTÖÐIN - í meistara höndum

Strandvegi 30 | s. 481 1475 | www.midstodin.is |  /midstodin

Sannkallaður fagnaðarfundur

Eitt hundrað og fimmtíu ár er nokkuð langur tími. Að halda úti hátíð, menningarviðburði í svo langan tíma er mikið afrek. Þjóðhátíð Vestmannaeyja hefur verið haldin á hverju ári nú í nokkuð marga áratugi. Hvað hátíðirnar eru margar liggur kannski ekki alveg fyrir, en það í sjálfu sér skiptir ekki öllu. Við vitum að fyrsta hátíðin var haldin árið 1874 og við erum enn að. Þjóðhátíð Vestmannaeyja er lang stærsta útihátíð á Íslandi, hún er einstök á svo margan hátt og við sem sækjum hana, hvort sem það er á hverju ári eða af og til, vitum að stemningin er einstök. Undraveröld Herjólfssdals, kristaltær og allur taktur lífsins breytist.

Þjóðhátíðarlögin hafa verið stór hluti Eyjatónleikanna allt frá byrjun. Við hófum leikinn með sérstökum tónleikum til heiðurs Oddgeirs Kristjánssonar. Síðan þá hafa hans lög alltaf skipað heiðurs sess á tónleikunum og gera enn. Nýju og nýlegu Þjóðhátíðarlögin hljóma einnig á tónleikunum ár eftir ár, enda hafa þau nánast undantekningarlaust slegið í gegn og verið með vinsælustu dægurlögum hvers árs á Íslandi. Það eitt og sér er mikil auglýsing fyrir Þjóðhátíðina, og fyrir Vestmannaeyjar.

ÍBV stendur fyrir hátíðinni og hefur gert í áratugi, ásamt því að standa fyrir nokkrum öðrum viðburðum sem skipta miklu máli fyrir ferðaþjónustuna í Eyjum

og fyrir samfélagið allt. Við mættum þakka ÍBV og sjálfboðaliðum þess oftast fyrir það óeigingjarna starf sem unnið er hjá félaginu.

Eyjatónleikar í Hörpu hafa nú verið haldnir þrettán sinnum frá því í nóvember 2011. Hvort haldið verður áfram verður að koma í ljós, en við höfum litið á tónleikana sem mikla auglýsingu fyrir Eyjarnar, til að halda á lofti þessum mikla menningararfi en ekki síður til þess að við Eyjafólk gætum hist, Eyjafólk sem býr í Eyjum og það sem býr allsstaðar annarsstaðar. Þetta er vinamót, ættar- og árgangamót, sannkallaður fagnaðarfundur.

Verkefnið hefur frá upphafi notið mikils stuðnings fólks og fyrirtækja í Eyjum og víðar, fyrir það erum við endalaus þakklát, enda gengi svona verkefni ekki upp án þess. Takk takk takk!

Mikið væri gaman að við gætum gert þetta áfram.....

Með kærleikskveðju og þökk fyrir stuðninginn, hvatninguna og öll elskulegheitin.

**Guðrún Mary og
Bjarni Ólafur**



KÆLI ÞJÓNUSTA

24 tíma
vöktun

HEILDARLAUSN

- Ráðgjöf
- Hönnun
- Smíði
- Umboð
- Uppsetning
- Viðhald
- Bilanagreining
- Viðgerðir
- 24/7 vaktþjónusta
- O.fl.

Hafðu samband núna
KAPP@KAPP.is / 587 1300
og við finnum lausn fyrir þig



MINNKAÐU KOLEFNISSPORIÐ ÚT MEÐ F-GÖSIN (FREON)

KAPP býður m.a. upp á að skipta út slæmum kælimiðlum fyrir nýja og umhverfisvænni eins og t.d. Co2 og Ammóníak.

LAUSNIN ER TIL

Við leggjum
ríka áherslu
á góða þjónustu
og vandað verk

KAPP

ehf



Framkvæmdastjórn:
Bjarni Ólafur Guðmundsson

Ráðgjöf og aðstoð:
Eiður Arnarsson,
Guðrún Mary Ólafsdóttir,
Melkorka Mary Bjarnadóttir,
Emma Bjarnadóttir
og Helgi Pétur Davíðsson

Prófarkalestur:
Guðrún Mary Ólafsdóttir

Ljósmyndir:
Óskar Pétur Friðriksson

**Forsíðumynd og mynd
í markaðsefni:**
Bent Marinósson

Grafísk hönnun:
Magabe ehf / Villi Warèn og
Leturstofan / Sæþór Vídó

Verkefnastjóri Hörpu:
Finnur Ragnarsson

Lýsing:
G. Orri Rósenkranz

Hljóðtæknimenn:
Alexander Örn Númason og
Þorbjörn G. Kolbrúnarson

Hljóð í sal:
Haþþór Tempó Karlsson

Hljóð á sviði:
Þröstur Albertsson

Sviðsmenn:
Guðmundur Erlingsson og
Viktor Hólm Jónmundsson

Prompter:
Einar Máni Friðriksson



TIL STAÐAR Í YFIR 40 ÁR!



**SKIPALYFTAN EHF.
VESTMANNAEYJUM**

**Skipalyftan ehf. - 902 Vestmannaeyjum - Sími: 488 3550
skipalyftan@skipalyftan.is**

**Afgreiðslutími
08:00 - 12:00 / 13:00 - 18:00.**



Flytjendur

Hljómsveit



Þórir Úlfarsson
Stjórnandi - hljómborð

Eiður Arnarsson
Bassi



Birgir Nielsen Þórsson
Trommur

Jón Elvar Hafsteinsson
Gítar



Matthías Stefánsson
Gítar og fiðla

Kjartan Valdemarsson
Hljómborð og harmonikka



Sigurður Flosason
Saxafónn, flauta, slagverk

Ívar Guðmundsson
Trompet



Kristján Gíslason
Bakraddir

Alma Rut Kristjánsdóttir
Bakraddir



Hljómsveitin
Molda

Söngvarar



Albert Snær
Tórshamar



Bjartmar
Guðlaugsson



Emmsjé Gauti



Friðrik Dór



Jón Jónsson



Ragnhildur
Gísladóttir



Salka Sól Eyfeld



Védís Hervör
Árnadóttir



Þórarinn
Ólason



Karlakór Vestmannaeyja [stjórnandi: Matthías Harðarson]



Kvinnakór Vestmannaeyja [stjórnandi: Kitty Kovács]



HERGILSEY
Ullarsherpa
22.990kr,-

www.icewear.is
[@icewearmagasin](https://www.instagram.com/icewearmagasin)

Svipmyndir frá síðasta ári

Myndir: Óskar Pétur Friðriksson





**Árni fór til Thule, einnar nyrstu
byggðar Grænlands ásamt Ragnari
Axelssyni. Þeir gerðu greinar um
þessa fjarlæggu byggð.**

Mynd/RAX

Listrænn og litríkur Eyjamaður kvaddur

Árni Johnsen var þjóðþekktur Vestmannaeyingur. Hann fæddist í Vestmannaeyjum 1. mars 1944 og lést þann 6. júní síðastliðinn í Eyjum, 79 ára gamall. Foreldrar Árna voru Ingi-björg Á. Johnsen kaupkona og Poul Kanélas frá Bandaríkjunum. Fósturfaðir Árna var Bjarnhéðinn Elíasson, skipstjóri og útgerðarmaður.

Árni ólst upp við úteyjalf og æðasláttinn í stórrí verstöð. Á þeim árum dreif að þúsundir karla og kvenna sem komu til Eyja og stunduðu sjó eða unnu í fiski á vetrarvertíðinni. Árni lagði stund á frjálispróttir á yngri árum og var mikill keppnismaður og sigursæll. Hann þekkti vel úteyjalfið

Árni Johnsen

1.3.1944 – 6.6.2023

og fór í eggjaferðir og lundaveiði í úteyjum. Árni var Bjarnareyingur af lífi og sál og fremstur í flokki þegar kom í þeirra hlut að sjá um lundaballið. Hann var alltaf fús til að leggja sitt af mörkum í tali og söng þegar Eyjamenn og aðrir komu saman.

Sursteyjarfélagið réði Árna sem eftirlitsmann í Surtsey meðan enn gaus. Hann hafði þar fasta viðveru og sinnti bæði gæslu og ýmsum störfum sem lutu að rannsóknum.

Árni lauk kennaraprófi 1966 og kenndi um tíma. Hann var blaðamaður á Morgunblaðinu 1967–1991 og fékkst einnig við dagskrár- og þátta-gerð í útvarpi og sjónvarpi. Árna var oft falið að fjalla um náttúruhamfarir, sjóslys og aðra erfiða atburði. Honum tókst að fjalla um það á nærgættinn og upplýsandi hátt. Árni hafði næmt auga fyrir fjölbreytni mannlífsins og dró fram á sjónarsviðið marga eftirminnilega persónuleika. Árni skrifaði nokkrar viðtalsbækur og ævisögur auk skopsagna af þingmönnum. Þá ritaði hann fjölda viðtala, bókarkafla og greina t.d. í þjóðhátíðarblöð og Sjómannaþingsblaði Vestmannaeyja.



Árni kleif Eldey 1982 ásamt fleirum og var það önnur ferð hans í eyna. Þar voru merktir fuglar og ýmsar rannsóknir gerðar. Mynd/RAX

Einn nánasti samstarfsmaður Árna í blaðamenskunni var Ragnar Axelson ljósmyndari (RAX). „Ég kynntist Árna þegar ég byrjaði sem sumar- maður á Morgunblaðinu 1974, sextán ára gamall,“ segir Ragnar. „Við urðum strax góðir vinir og fórum í ófáar ferðir til fréttaoöflunar, oft við hinar erfiðustu aðstæður. Árni var áræðinn, en samt gætinn, ósérhlíf- inn og uppgjöf ekki til í hans huga. Aldrei neitt fát eða fum þótt á ýmsu gengi. Það var alltaf grunnt á glettn- inni og prakkaraskapnum. Leiðir okkar lágu víða um landið en líka til nyrstu mannabyggða í heimi og inn í hitabeltisskóga Indónesíu.“

Ein Grænlandsferð af mörgum er Ragnari sérstaklega minnisstæð. Þá voru þeir í hálfan mánuð með veiðimönnum í Thule úti á hafísnum. Þeir ferðuðust á hundasleðum og gistu í tjöldum í brunakulda.



**Masauna Christiansen (t.v.) var kall-
aður "Kóngurinn í Thule" því hann
var besti veiðimaðurinn. Þeir Árne
biðu við Ísröndina eftir að náhvalur
sýndi sig.** Mynd/RAX

„Einn morguninn vöknudum við við vondan draum. Ísinn sem við vorum á hafði brotnað frá meginísnum og komin vök landmegin þar sem lónuðu litlir jakar. Veiðimennirnir ruku strax af stað og komust upp á landfasta ísinn. Við Árni reyndum að taka saman föggur okkar en á meðan breikkaði vökin og leiðin sem veiðimennirnir fóru varð ófær. Nú hófst æðislegasta jakahlaup sem ég hef kynnst. Það var spurning um að stökkva jaka af jaka eða að fljóta til hafs. Árni var á undan og öskraði: „Stökktu Rax, stökktu“ um leið og hann lét sig vaða yfir stærstu vökina. Þar sýndi hann gamla takta frjálfsíþróttamannsins og setti ábyggilega Vestmannaeyjamet í langstökki.“ Ragnar var klyfjaður myndavélum og öðru dóti og leist ekki á að hann næði yfir vökina. „Hentu draslinu yfir,“ öskraði Árni, en ég neitaði.



**Árne Johnsen fór margar ferðir til Grænlands. Það kom fyrir að hann þurfti að
stökkva yfir vakir og sprungur.** Mynd/RAX



Árne skellti sér í sjóinn við Krakatá í Indónesíu og kafaði eftir humri. Þeir Ragnar Axelsson fóru til Krakatár með Haraldi Sigurðssyni eldfjallafræðingi. Mynd/RAX

Kastaði þó þungri aðdráttarlinsu sem fór í sjóinn. Árni setti á fleygiferð og stökk yfir á jakann til mín. „Þjatt er þetta,“ hreytti hann út úr sér um leið og hann reif af mér nokkrar myndavélar. Svo snerist hann á hæli og sveif aftur yfir vökina. Ég tók tilhlaup undir hvatningarhrópum Árna og stökk af alefli. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds þar sem ég sveif yfir jökulköldu Íshafinu og sá að ég myndi tæpast ná yfir. Það er dauðadómur að lenda í sjónum í svona brunakulda. Mér tókst að tylla tánum á blábrún íssins og barðist við að ná jafnvægi um leið og ég rann af stað niður í krapann. Þá var þrífð í mig og Árni kippti mér upp. Hann hló bara og sagði: „Vanir menn!“ Þeir félagarnir áttu eftir að komast til veiðimannanna. Einn þeirra hafði verið þögull og ekki mælt orð af munn til þessa. Ragnari og Árna tókst að stökkva yfir allar vakirnar. „Þegar Árni lenti eftir síðasta stökkið gat sá þögli ekki leynt aðdáun sinni

og sagði: James Bond! Ég gleymi aldrei handtaki Árna á ísbrúninni í Thule og tel mig eiga honum líf mitt að launa,” segir Ragnar.

ÞJÓÐHÁTÍÐ OG BREKKUSÖNGUR

Tónlistin stóð Árna alltaf nærri. Hann mætti oft á mannamót með gítarinn og skemmti eða stjórnaði fjölda-söng. Eftir Árna liggur hátt á þriðja hundrað hljóðritana þar sem hann er ýmist flytjandi, höfundur lags eða texta og stundum allt í senn.

Á þessu ári eru 150 ár liðin frá því að Þjóðhátíð Vestmannaeyja var fyrst haldin 1874. Árni tók við sem kyn-nir hátíðarinnar árið 1977 að Stefáni Árnasyni látnum. Stefán hafði þá kynnt dagskrána á 55 þjóðhátíð-um. Árni var kynnir á flestum þjóð-hátíðum eftir það til ársins 2006 að Bjarni Ólafur Guðmundsson tók við. Verði Bjarni Ólafur áfram kynnir hafa þessir þrír kynnt dagskrár 100 af 150



Árni var Bjarnareyingur en hér er hann í góðra vina hópi í Álsey. F.v.: Ragnar Axelsson, Jónas Þór Steinars-son, Grímur Gíslason og Árni.
Mynd/RAX



Árni leiðir sönginn í réttum Landmanna í Áfangagili. Hann mætti víða með gítarinn og hélt uppi fjörmiklum söng. Mynd/RAX

Þjóðhátíðum Vestmannaeyja. Orðið brekkusöngur þekktist ekki fyrr en Árni kynnti það til sögunnar 1977. Þá stýrði hann stærsta kór landsins sem söng hástöfum svo undir tók í Herjólfsdal. Brekkusöngurinn hefur síðan verið fastur liður og einn af hápunktum hátíðarinnar. Árni gerði texta við þjóðhátíðarlagið 1969 eftir Þorgeir Guðmundsson en það heitir Draumablóm þjóðhátíðarnætur. Árið eftir endurtóku þeir félagar leikinn og sömdu Bros þitt. Við höldum þjóðhátíð, þjóðhátíðarlagið 1973 er eftir þá Arnþór Helgason og Árna og Árni gerði textann. Síðasti dansinn, lag Kristins Svavarssonar við texta Árna Johnsen, var svo þjóðhátíðarlag 1987 og hefur notið mikilla vinsælda.

Eftirlifandi eiginkona Árna er Halldóra Filippusdóttir. Þau eignuðust soninn Breka (f. 1977, d. 2018). Fyrir átti Halldóra Hauk Arreboe Clausen (f. 1959, d. 2017). Eftirlifandi dætur



Árni Johnsen átti lítrika ævi og var mjög afkastamikill. Eftir hann liggur fjöldi greina, bóka, söngtexta og laga svo nokkuð sé nefnt.

Mynd/Kristinn Ingvarsson

Árna úr fyrra hjónabandi eru Helga Brá (f. 1966) og Þórunn Dögg (f. 1968).

Útför Árna var gerð frá Landakirkju 23. júní 2023 að viðstöddu fjölmenni og hvílir hann í Landakirkjugarði.

Eyjan mín í bláum sæ

Lag og ljóð Árni Johnsen

Þá nótt brast jörðin bænum okkar hjá
Og bráðið hraun rann yfir grænan völl.
Eyjan mín, svo hrygg og haldin yllri vá
Og harmi lostin börn þín eru öll.

Mörg vonglöð sál féll gleði snauð á bæn
Er húsin gengu djúpt í kvika fold.
Sárt var hverju hjarta að syrgja gamlan draum
Og sjá er blómin hnigu lágt að mold.

Eyjan mín í bláum sæ
Við byggjum áfram okkar bæ
Öll við snúum heim til þín á ný

En seinna þegar allt er orðið kyrrt
Við saman tökum höndum öll í senn
Við landið klæðum möttul í og hefjum byggð
Því Heimaey vill aftur sína menn

Og skjótt mun sambúð verða eins og fyrr
Og fögnuður í hjörtum fer á stjá.
Fugl við bjarg, fólk í bæ og þeyr við brún
Og fleyin vagga eyzni sinni hjá.

Eyjan mín í bláum sæ
Við byggjum áfram okkar bæ
Öll við snúum heim til þín á ný



Við þökkum eftirtöldum aðilum studninginn við Eyjatónleikana



MÍÐSTÖÐIN

Morgunblaðið





VESTMANNAEYJAR
ICELAND

VIRÐING SJÁLFBÆRNI VELFERÐ

Gildi stjórnenda og starfsmanna Vinnslustöðvarinnar hf. í Vestmannaeyjum eru að hafa virðingu, sjálfbærni og velferð að leiðarljósi í starfsemi sinni og skapa félaginu og samfélaginu þannig farsæla framtíð.

Vinnslustöðin hf hafnargata 2 900 Vestmannaeyjar vsv@vsv.is www.vsv.is

Lagalisti

Heiti lags:	*Ár:	Lagahöfundur:	Textahöfundur:
Á sama tíma - á sama stað	2018	Friðrik Dór og Jón Ragnar Jónssynir	Friðrik Dór og Jón Ragnar Jónssynir
Ágústnótt (Á Þjóðhátíð)	1978	Árni Sigfússon	Árni Sigfússon
Ástarljóð (Pípan)	1988	Hafsteinn Guðfinnsson	Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Ástin á sér stað	2016	Halldór Gunnar Pálsson	Magnús Þór Sigmundsson
Ég veit þú kemur	1962	Oddgeir Kristjánsson	Ási í Bæ
Eyjan mín í bláum sæ	1973	Árni Johnsen	Árni Johnsen
Eyjanótt	2022	Alma Guðmundsdóttir og Klara Ósk Elíasdóttir	Alma Guðmundsdóttir og Klara Ósk Elíasdóttir
Heima	1951	Oddgeir Kristjánsson	Ási í Bæ
Heimaey	1973	Árni Sigfússon	Árni Sigfússon
Í brekkunni	1989	Jón Ólafsson	Bjartmar Guðlaugsson
Klisja	2022	Gauti Þeyr Másson og Þormóður Eiríksson	Gauti Þeyr Másson
Lífið er yndislegt	2001	Hreimur Örn Heimisson	Hreimur Örn Heimisson
Ljúft að vera til	2014	Jón Ragnar Jónsson	Jón Ragnar Jónsson
Manst'ekki eftir mér	2002	Ragnhildur Gísladóttir	Þórður Árnason
Minning um mann	1974	Gylfi Ægisson	Gylfi Ægisson
Negril	2010	Bjartmar Guðlaugsson	Bjartmar Guðlaugsson
Nú meikarðu það Gústi	1983	Bjartmar Guðlaugsson	Bjartmar Guðlaugsson
Reykjavík	2016	Gauti Þeyr Másson	Gauti Þeyr Másson
Ship ohoj	1931	Oddgeir Kristjánsson	Loftur Guðmundsson
Síðasti dansinn	1987	Kristinn Svavarsson	Árni Johnsen
Síldarstúlkurnar	1953	Oddgeir Kristjánsson	Ási í Bæ
Sísí (fríkar út)	1983	Ragnhildur Gísladóttir	Gryllurnar
Sjáumst þar	2017	Ragnhildur Gísladóttir	Ragnhildur Gísladóttir
Slor og skítur	1983	Guðmundur Rúnar Lúðvíksson	Guðmundur Rúnar Lúðvíksson
Tossi	2021	Gauti Þeyr Másson Þormóður Eiríksson Helgi Sæmundur Guðmundsson	Gauti Þeyr Másson
Út í Eyjum	1982	Jakob Fr. Magnússon, Valgeir Guðjónsson og Egill Ólafsson	Jakob Fr. Magnússon, Valgeir Guðjónsson og Egill Ólafsson
Þar sem hjartað slær	2012	Halldór Gunnar Pálsson	Magnús Þór Sigmundsson
Þúsund eldar	1995	Þorvaldur Guðmundsson	Sigurður Óli Hauksson
Þúsund hjörtu	2023	Gauti Þeyr Másson, Jón Ragnar Jónsson og Þormóður Eiríksson	Gauti Þeyr Másson

* Ýmist útgáfuár eða árið sem lagið var flutt fyrst. Feitletruð ártöl merkja árið sem tiltekið lag var Þjóðhátíðarlag Vestmannaeyja.

Kæri tónleikagestur. Hér er heildar lagalisti tónleikanna í stafrófsröð. Sum lögin eru í fullri lengd en önnur eru hluti af syrpum. Við vonum að þú njótir hvernar mínútu og lofum þér að njóta spennunnar um hvaða lag eða lög eru næst á dagskrá. Njóttu og syngdu með þegar þig langar.

Tónlistarstjórn og útsetningar:
Þórir Úlfarsson



Kæru Eyjamenn nær og fjar,
góða skemmtun – sjáumst úti í Eyjum!